

Menntaskóli Borgarfjarðar ehf.

Ársreikningur 2024

Borgarbraut 54
310 Borgarnes

Kt. 530606-0900

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	1
Áritun og skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Sjóðstreymi	7
Skýringar	8

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Menntaskóla Borgarfjarðar ehf.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Menntaskóla Borgarfjarðar ehf. („félagið“) fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2024 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdarstjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgð fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins frh:

Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðferðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.

Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Borgarnes, 27. febrúar 2025

Kapital Ráðgjöf ehf.

Pétur Örn Björnsson

Löggiltur endurskoðandi

Rafrænt undirritað

Áritun og skýrsla stjórnar

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Aðalstarfsemi félagsins er að annast rekstur framhaldsskóla í Borgarnesi Kennsla í skólanum hófst á haustmánuðum 2007.

Samkvæmt rekstrarreikningi félagsins var hagnaður ársins 2024 87.034 kr. Hrein eign félagsins í árslok nam 122.906.712 kr. Ráðstöfun á afkomu ársins og aðrar eiginfjárbreytingar koma fram í skýringu um eigið fé í ársreikningnum.

Á árinu 2024 starfaði að meðaltali 23 starfsmaður hjá félaginu í 19,6 stöðugildum og námu laun og launatengd gjöld 276.9 m.kr. Af þeirri fjárhæð voru rúmar 2,3 m. kr. greiddar til stjórnarsetu í stjórn Menntaskóla Borgarfjarðar. Nemendur árið 2024 voru á vorönn 181 og á haustönn 203. Árið 2024 voru að meðaltali 142 nemendur í fullu námi, en þeir voru 132 árið 2023.

Hlutfé félagsins nam 161,1 m.kr. í árslok 2024. Félagið á eigin bréf að nafnverði 20 þúsund kr. Hluthafar í félaginu eru 156 í árslok 2024 sem og í ársbyrjun. Eftirfarandi hluthafar voru 10 stærstu hluthafarnir í árslok:

Borgarbyggð	91,98%
Steypustöðin ehf.	5,59%
Kaupfélag Borgfirðinga	0,62%
Skorradalshreppur	0,62%
Nepal hugbúnaður ehf.	0,16%
Gina Bjarnason	0,06%
Hans Pétur Diðriksson	0,06%
Pétur Geirsson	0,06%
Vilhjálmur Diðriksson	0,06%
Stéttafélag Vesturlands	0,06%

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjórnar

Að áliti stjórnar og skólameistara Menntaskóla Borgarfjarðar ehf. koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í lok rekstrarárs, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og skólameistari Menntaskóla Borgarfjarðar ehf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir rekstrarárið 2024 með undirritun sinni.

Borgarnes, 27. febrúar 2025

Stjórn:

Rafræn undirritun

Rekstrarreikningur 2024

Rekstrartekjur	Skýr.	1/1 - 31/12 2024	1/1 - 31/12 2023
Rekstrarframlag ríkis		335.891.000	296.039.302
Tekjur frá nemendum		8.276.000	6.552.400
Rekstur mötuneytis		14.235.352	10.982.510
Aðrar tekjur		8.709.494	17.301.590
Hagnaður af sölu varanlegra rekstrarfjármuna		0	513.510
		<u>367.111.846</u>	<u>331.389.312</u>
Rekstrargjöld			
Laun, launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður	3	276.895.808	246.875.122
Rekstur fasteigna		61.286.261	52.377.273
Skrifstofu - og stjórnunarkostnaður		19.991.438	17.649.294
Rekstur mötuneytis		9.439.946	7.846.667
Nemendakostnaður		3.736.025	1.844.517
		<u>371.349.478</u>	<u>326.592.873</u>
Rekstrarhagnaður (-tap) fyrir afskriftir		(4.237.632)	4.796.439
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	4	4.853.139	5.055.062
		<u>376.202.617</u>	<u>331.647.935</u>
Rekstrartap		(9.090.771)	(258.623)
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur		11.764.119	9.192.474
Vaxtagjöld		(169.768)	(27.136)
Gengismunur		(94.433)	(56.128)
Fjármagnstekjuskattur		(2.640.237)	(2.022.346)
Áhrif dótturfélaga		318.124	(200.475)
		<u>9.177.805</u>	<u>6.886.389</u>
Hagnaður ársins		<u>87.034</u>	<u>6.627.766</u>

Efnahagsreikningur

Eignir

	Skýr.	2024	2023
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	4	8.098.591	11.147.253
Eignarhlutir í dótturfélögum	5	11.465.049	11.146.925
Eignarhlutir í öðrum félögum		130.000	130.000
Fastafjármunir samtals		19.693.640	22.424.178

Veltufjármunir

Viðskiptakröfur		17.405.367	8.938.595
Kröfur á tengda aðila	6	806.084	806.084
Aðrar skammtímakröfur		623.337	1.525.478
Handbært fé		161.361.732	132.044.824
Veltufjármunir samtals		180.196.520	143.314.981

Eignir samtals

199.890.160

165.739.159

31. desember 2024

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2024	2023
Eigið fé			
Hlutfé		161.097.500	161.097.500
Lögbundinn varasjóður		6.432.289	6.432.289
Leiðréttingar frá fyrra ári		0	3.479.539
Ójafnað tap		(44.623.077)	(48.674.650)
Eigið fé samtals	7	122.906.712	122.334.678

Skuldir

Skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir		2.691.590	3.152.551
Skuldir við tengda aðila	6	5.869.054	5.489.501
Fyrirframinnheimtar tekjur		32.071.000	3.280.000
Aðrar skammtímaskuldir		36.351.804	31.482.429
Skammtímaskuldir samtals		76.983.448	43.404.481
Skuldir samtals		76.983.448	43.404.481

Eigið fé og skuldir samtals	199.890.160	165.739.159
------------------------------------	--------------------	--------------------

Sjóðstreymi 2024

Handbært fé frá rekstri	Skýr.	2024	2023
Hagnaður fyrir tekjuskatt.....		87.034	6.627.766
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Tap (hagnaður) af sölu á varanlegum rekstrarfjármunum ...		0	(513.510)
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna		4.853.139	5.055.062
Fyrirframinnheimtar tekjur, breyting		28.791.000	504.000
Hlutdeild í afkomu dótturfélags		(318.124)	200.475
Nemendafélag leiðrétting		485.000	0
Hreint veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		33.898.049	11.873.793
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Lækkun (hækkun) á birgðum		0	0
Lækkun (hækkun) á rekstrartengdum kröfum		(7.564.631)	(5.934.643)
Hækkun (lækkun) á rekstrartengdum skuldum		4.408.414	4.256.068
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		30.741.832	10.195.218
Fjárfestingarhreyfingar			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir		(1.804.477)	(1.810.358)
Fjárfestingarhreyfingar		(1.804.477)	(925.745)
Fjármögnunarhreyfingar			
Skuldir við tengd félög		379.553	508.051
Fjármögnunarhreyfingar		379.553	508.051
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		29.316.908	9.777.524
Handbært fé áður ekki talið fram		0	3.479.539
Handbært fé í ársbyrjun		132.044.824	118.787.761
Gengismunur vegna handbærs fjár		0	0
Handbært fé í árslok		161.361.732	132.044.824
Fjárfestingar og fjármögnun án greiðsluáhrifa:			
Eftirfarandi liðir koma ekki fram í sjóðstreyminu:			
Eiginfjárbreytingar án sjóðstreymisáhrifa		0	0
Fjárfestingar með eignarleigusamningum		0	0
Aðrar fjárfestingar fjármagnaðar með útgáfu skbr.		0	0

Skýringar

1. Upplýsingar um félagið

Menntaskóli Borgarfjarðar er Einvahlutafélag með kennitölu 530606-0900 og er megin starfsemi félagsins fólgin í að annast rekstur framhaldsskóla í Borgarnesi. Lögheimili félagsins er að Borgarbraut 54 310 Borgarnes.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum, nema hvað varðar fjárfestingareignir, afleiður og fjármálagerninga sem ætlunin er að selja aftur og metið er til gangvirðis. Stjórnendur fyrirtækisins hafa metið rekstrarhæfi þess og telja að fyrirtækið hafi grundvöll til áframhaldandi starfsemi. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Hann er í íslenskum krónum og fjárhæðir eru sýndar í heilum krónum nema þar sem annað er tilgreint.

Framsetning og flokkun rekstrarliða og efnahagsliða hefur verið breytt frá fyrra ári án þess að hafa áhrif á rekstrarniðurstöðu ársins eða aðrar kennitölur í efnahag.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar samkvæmt upphaflegu viðskiptaverði að teknu tilliti til gengisbreytinga og að frádreginni niðurfærslu sem gerð er til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku félagsins.

Handbært fé

Til handbærs fjár teljast sjóður, bankainnstæður og skammtímaverðbréf upphaflega til þriggja mánaða eða skemmri tíma og sem hægt er að innleysa fyrirvaralítið. Yfirdráttarlán eru flokkuð á meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á upphaflegu viðskiptaverði að teknu tilliti til gengisbreytinga.

Tekjur

Tekjur af skólagjöldum eru færðar í rekstrarreikning þegar þjónusta er innt af hendi. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra eða tengdan kostnað

Skattamál

Félagið mun ekki greiða tekjuskatt á árinu 2025 vegna rekstrarársins 2024. Félagið hefur fengið staðfestingu frá Ríkisskattstjóra um að það sé undanþegið skattskyldu.

Skýringar

3. Laun og launatengd gjöld

	2024	2023
Laun	220.776.468	197.678.642
Ökutækjastyrkir og endurgreiddur akstur	533.318	579.416
Dagpeningar	0	86.548
Lífeyrissjóður	28.402.921	25.530.201
Orlofsskuldbinding, breyting	1.267.756	2.709.944
Önnur launatengd gjöld	21.205.215	19.033.917
Starfsmannakostnaður	6.050.070	3.909.957
Þátttaka annarra í launum	(1.339.940)	(2.653.503)
Laun og launatengd gjöld alls	276.895.808	246.875.122

Fjöldi ársverka á árinu var 19,6 en 18,8 árið áður.

4. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að fráðregnum afskriftum og virðisrýrnun ef hún er til staðar. Endurbætur eru eignfærðar ef líklegt er að þær skili félaginu framtíðarhagnaði og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur viðhaldskostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikning þegar til hans er stofnað. Afskriftir eru miðaðar við áætlaðan nýtingartíma einstakra varanlegra rekstrarfjármuna og reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af stofnverði, að fráðregnu áætluðu hrakvirði, miðað við eignarhaldstíma á árinu. Hrakvirði, nýtingartími og afskriftaraðferðir eru endurskoðaðar við lok hvers reikningsárs.

	Áhöld og tæki	Samtals
Stofnverð 1/1	44.914.532	44.914.532
Afskrifað alls 1/1	(33.767.280)	(33.767.280)
Viðbót á árinu	1.804.477	1.804.477
Afskrifað á árinu	(4.853.139)	(4.853.139)
Selt og niðurlagt	0	0
Bókfært verð 31/12	8.098.590	8.098.590
Stofnverð alls 31/12	46.719.009	46.719.009
Afskrifað alls 31/12	(38.620.419)	(38.620.419)
Bókfært verð 31/12	8.098.590	8.098.590
Afskriftarhlutföll	20-25%	

Skýringar

Vátryggingarmat lausafjár nam 44,4 millj kr. í árslok

5. Eignarhlutir í dótturfélögum

Dótturfélög eru þau félög sem félagið fer með yfirráð í. Yfirráð eru til staðar þegar félagið á meirihluta atkvæða í öðru félagi eða fer með meirihluta atkvæða af einhverjum ástæðum. Eignarhlutir félagsins í dótturfélögum eru færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð. Með aðferðinni er tekið tillit til rekstrarárangurs og annarra breytinga á eigin fé félagsins. Hlutdeild í rekstrarárangri er færð sem áhrif dótturfélaga í rekstrarreikning.

	%	Bókfært verð
Nemendagarðar MB ehf., Borgarnesi	54,54%	11.465.049
		11.465.049

6. Viðskipti við tengda aðila

Í töflunni hér að neðan koma fram heildarviðskipti ársins við tengda aðila:

	Sala til tengdra aðila	Kaup frá tengd- um aðilum	Kröfur	Skuldir
Borgarbyggð.....		55.948.811		5.869.054
Nemendagarðar MB ehf.....			806.084	
	0	55.948.811	806.084	5.869.054

Engin óvenjuleg viðskipti áttu sér stað við tengda aðila á því tímabili sem þessi reikningsskil ná til.

7. Eigið fé

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Ójafnað tap	Samtals
Eigið fé 1/1	161.097.500	6.432.289	(45.195.111)	122.334.678
Hagnaður ársins.....			87.034	87.034
Leiðrétting nemendaf.			485.000	485.000
Eigið fé 31/12	161.097.500	6.432.289	(44.623.077)	122.906.712

Útgefnir hlutir í lok ársins eru alls 161.1 m.kr. og er nafnverð hvers hlutar ein íslensk króna. Eitt atkvæði fylgir hverri krónu nafnverðs. Allir útgefnir hlutir eru greiddir að fullu. Félagið á eigin hluti að nafnverði 20 þús.kr. sem færðir eru til lækkunar á eigin fé. Eigin hlutir nema 0,01% af heildarhlutfé félagsins. Eigið fé félagsins er bundið í samræmi við samþykktir félagsins.

Skýringar

8. Rekstrarleigusamningar

Gjöld vegna samninga sem flokkast sem rekstrarleigusamningar eru færð meðal annara rekstrargjalda í rekstrarreikningi eftir því sem þau falla til. Félagið er með samning um leigu á fasteign sem skilgreind er sem rekstrarleiga í samræmi við reglu reikningsskilaráðs nr. 6 sem gildir um meðferð leigusamninga í reikningsskilum leigutaka. Samningstími er til ársins 2039 og nema leigugjöld ársins að heildarfjárhæð 40 m.kr. sem færð er meðal húsnæðiskostnaðar í rekstrarreikningi. Að leigutíma loknum hefur leigjandi forleigurétt að húsnæðinu. Samningurinn framlengist óbreyttur um eitt ár í senn hafi honum ekki verið sagt upp af leigjanda með a.m.k. eins árs fyrirvara. Leigufjárhæðin tekur breytingum í samræmi við húsaleiguframlag menntamálaráðuneytis til Menntaskóla Borgarfjarðar.

Skuldbundnar leigugreiðslur árslok greinast þannig á næstu ár án áhrifa framtíðarverðbólgu:

Leigugreiðslur 2025	48.000.000
Leigugreiðslur 2026	48.000.000
Leigugreiðslur 2027	48.000.000
Leigugreiðslur 2028	48.000.000
Leigugreiðslur 2029	48.000.000
Til lengri tíma	528.000.000
	<u>768.000.000</u>

9. Skuldbindingar

Á árinu 2013 var undirritaður þjónustusamningur milli Mennta- og menningarmálaráðuneytis og Menntaskóla Borgarfjarðar ehf. um kennslu á framhaldsskólastigi á grundvelli heimildar í 3. mgr. 44. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008. Félagið hefur lagt fram tryggingabréf til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á skuldum þeim sem félagið kann að valda vegna vanefnda þess á þjónustusamningi þessum allt að fjárhæð kr. 28,0 m.kr.

10. Önnur mál

Síðustu ár hafa verið ár breytinga í MB þegar kemur að kennslu, námi og stjórnun. Stöðug fjölgun hefur orðið á nemendafjölda sem þýðir aukin stöðugildi í kennslu en framlög frá ríki hafa ekki aukist í sama hlutfalli. Haustið 2023 samþykkti stjórn skólans tillögu um breytingar á skipuriti skólans og starfslýsingum starfsmanna. Samhliða því var gerður starfslokasamningur við fjármálastjóra skólans. Áhrif þessarar hagræðingar gætti ekki á rekstrarárinu 2024 en mun gæta árið 2025. Seint á árinu 2024 samþykkti stjórn Menntaskóla Borgarfjarðar að leggja til stofnfé til Nemendagarða MB hses. Þessi ákvörðun hefur ekki bein áhrif á rekstrarárið 2024.